

Aðalfundur ReykjavíkurAkademiunnar

haldinn 12. júlí 2024 kl. 14.00 í Dagsbrún, fundarsal RA, Þórunnartúni 2

1 Björg Hjartardóttir setti fundinn og skipaði Guðrúnu Hallgrímsdóttur fundarstjóra og Þorleif Hauksson fundarritara.

2. Skýrsla stjórnar Félags ReykjavíkurAkademiunnar (Fskj. 1). Björg Hjartardóttir gerði grein fyrir félagsstarfinu, en hún tók við formennsku af nöfnu sinni Árnadóttur 12. október. Stjórnin hélt 11 fundi og 13 öndvegisviðburði, aðventukvöld, þorablót og hreinsileika og stóð fyrir ferðum á Þjóðminjasafn og Bessastaði. Félagið styrkti Fræðapingið í september og greiddi helmingsframlag af stofngjaldi Afmælissjóðs RA.

3. Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir kynnti reikninga Félagsins í forföllum gjaldkera þess (Fskj. 2). Einstakar skýringar Önnu fylgja með skjalinu. Þar koma fram meðal annars skýringar á hinum mikla viðsnúningi á rekstrarreikningi félagsins, þar sem félagsgjöld síðasta starfsárs voru að mestu innheimt á nýliðnu ári. Bókfærðar tekjur 2023 eru kr 1.504.621 á móti 186.454 frá fyrra ári. Hins vegar eru óinnfærðar skuldir til RA ses upp á 240 þúsund krónur.

4. Í umræðum um skýrslu og reikninga voru stjórninni færðar þakkir fyrir öflugt starf og sér í lagi fyrir marga fjölbreytta öndvegisfyrirlestra. Björg baðst velvirðingar á að starfsemi í þágu félaga utanhúss hafi ekki verið nægilega sinnt, en það standi vonandi til bóta. Í lokin voru reikningar Félagsins bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

5. Skýrsla um starfsemi ReykjavíkurAkademiunnar ses. (Fskj, 3). Anna Þorbjörg framkvæmdastjóri fylgdi henni úr hlaði. Nýir starfsmenn voru ráðnir á skrifstofu, fyrst Linda Guðlaugsdóttir og síðar tók við af henni Álfheiður Sigurðardóttir, skrifstofustjóri. Auk þess hafa verið ráðnir í hlutastörf Atli Antonsson, Þór Martinsson og Sigurgeir Finnsson; sá síðastnefndi sem forstöðumaður Bókasafns Dagsbrúnar. Hann lagði hönd á plóg að marka bókasafninu nýja stefnu í samstarfi við fulltrúa Eflingar, en þurfti því miður að láta af störfum af heilsufarsástæðum vegna myglu í húsnæðinu.

Eins og greint var frá í fundargerð síðasta aðalfundar greindist mygla í bókasafnsrýminu haustið 2022. Hún kom upp í kjölfar leka sem fasteignafélagið brást of seint við, með þeim afleiðingum að hreinsa þurfti allar bækur og pakka þeim inn í lofttæmdar umbúðir. Rýminu var lokað vegna myglu og viðgerða frá 2. nóvember 2022 til 29. febrúar 2024. Þá var lokið við að leggja nýtt gólf, og akademónar hófust handa samkvæmt tillögum Sigurgeirs við grisjun og röðun bókanna aftur í hillur. Viðræður stóðu yfir við fulltrúa Eflingar um endurnýjaðan samning á nýjum grundvelli til tveggja ára. Í tengslum við það hafði Oddný Eir Ævarsdóttir verið ráðin til að búa til vefgátt fyrir Bókasafnið og Akademiuna. Þessar viðræður rofnuðu mjög óvænt 28. maí síðastliðinn með einhliða ákvörðun stjórnar Eflingar, sem hafði ályktað á fundi að það ætti ekki að vera á verksviði stéttarfélags að standa að rekstri bókasafns. Þessi kúvending er það sem í ársskýrslunni er kallað U-beyging Eflingar.

Óvíst er hvernig uppgjóri verður háttað milli Eflingar og RA varðandi bókasafnið. Efling hefur farið fram á að við varðveitum bækurnar á fyrstu hæðinni gegn einhverju leigugjaldi til ársloka 2025. En slík varðveisla er ekki á verkswiði ReykjavíkurAkademíunnar. Salurinn hefur alls ekki nýst RA til funda- og ráðstefnuhalds, félagsstarfsemi og útleigu eins og vonir stóðu til. Fyrst vegna covidfaraldursins, síðan vegna lekans, myglunnar og mygluviðgerða. Nú eru þessar vonir að engu orðnar, og um leið í raun grundvöllur undir veru okkar í þessu húsi. Mikil vinna stjórnar og fyrst og fremst formanns og framkvæmdastjóra hefur farið í að kanna annað húsnæði undir starfsemi Akademíunnar. Tveir staðir hafa fyrst og fremst komið til skoðunar, á Laugavegi 13 og Hafnarstræti 5. Einkum það síðastnefnda reynist spennandi. Uppsagnarfræstur í Þórunnartúni eru 6 mánuðir, en hugsanlega má semja um styttingu hans. Áður er þó nauðsynlegt að leysa alls konar flækjur, samningamál við Eflingu, sem vonandi leysast í fullri vinsemd, uppgjör við fasteignafélagið Íþöku og tryggingafélagið varðandi ábyrgð á vatnsskaða og mygluskemmdum. Ómæld vinna hefur farið í fundahöld og álitsgerðir um þessi mál. Bókhaldsmál hafa verið í algerum ólestri vegna mönnunarvanda á bókhaldsstofunni, sem hefur tafið og torvelað skipulag og ársreikningsgerð.

Innra skipulag RA hefur verið rætt innan stjórnar. ReykjavíkurAkademían var frá öndverðu fræðasamfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna, en árið 2006 var nauðsynlegt að koma jafnframt á fót sjálfseignarstofnun RA með sérstakri stjórn og föstu skipulagi þegar farið var að taka á móti styrkjum úr opinberum sjóðum. Komið hefur til umræðu innan stjórnar hvort hagstætt væri að búa ses-inu fastara form samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir án þess að sérstaða og arfleifð RA breytist. Þar sýnist þó sitt hverjum. Samhliða hefur umræða þróast um hlutverk RA ses og FRA og tengslin þar á milli.

Meðal ánægjulegra viðburða á starfsárinu var Fræðaping 22. september með virkri þátttöku fræðafólks innan og utan háskólanna á sviði hug- og félagsvísinda. Þingið var haldið að frumkvæði ReykjavíkurAkademíunnar og athygli beint að hlutskipti sjálfstætt starfandi fræðimanna og áhugadrifnum rannsóknum. Persónuleg og fagleg tengsl sem þarna náðust gætu lofað góðu í framtíðinni. Mikil vinna hefur verið lögð í baráttu fyrir því að stórbæta aðgang fræðafólks sem starfar utan háskólanna að opinberu fjármagni. Sú barátta hefur aldrei verið brýnni en nú, þegar sjálfri tilvist Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna virðist ógnað. Í lokin brá framkvæmdastjóri upp á skjáinn framtíðarsýn á stefnumótun og hlutverk RA undir fyrirsögnunum Málsvari, Miðstöð, Rannsóknir, Þekkingarmiðlun.

6. Anna Þorbjörg kynnti ársreikninga RA ses, sem hún var nýbúin að herja út úr bókhaldsstofunni (Fskj. 4). Um rekstrarárangur, breytingar milli ára og ástæður þeirra skal vísað til síðustu blaðsíðna í Ársskýrslu (Fskj. 3).

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga RA ses. Salvör Aradóttir sagðist sakna tíðari stórfunda þar sem upplýsingum um stöðu mála væri miðlað til óbreyttra akademóna. Oddný Eir Ævarsdóttir tók undir þetta, sem hefði verið rætt í stjórn og talið mjög æskilegt. Lilja Hjartardóttir formaður þakkaði fyrir góða ábendingu en benti um leið á að við værum stödd í miðri á, annríkið væri mikið og aðstæður breyttust fljótt og jafnvel úreltust. En sjálfsagt væri að bæta úr þessu. Nokkrar umræður spunnust um verkaskiptingu milli félags og sjálfseignarstofnunar. Reikningar voru loks samþykktir samhljóða.

7. Björg Hjartardóttir kynnti tillögur um lagabreytingar sem samþykktar höfðu verið af stjórn Félagsins. Fundarstjóri benti á formgalla á einni tillögunni. Eftir nokkrar umræður ákvað stjórnin að draga tillöguna til baka, og var öllu málinu frestað til framhaldsaðalfundar, sem næsti liður reyndist útheimta hvort sem væri.

8. Kjör formanns Félags RA. Björg Hjartardóttir hefur ekki gefið kost á sér til áframhaldandi formennsku, og ekki hefur neinn fengist til að bjóða sig fram í hennar stað. Erindinu var því frestað til næsta aðalfundar.

9. Tveir stjórnarmenn Félagsins gefa áfram kost á sér til starfa, Haukur Arnþórsson og Steinunn Stefánsdóttir, sem voru sjálfkjörin. Í einni breytingatillögunni hafði verið gert ráð fyrir fækkun stjórnarmanna úr fimm í þrjá, þannig að fleiri voru ekki tilnefndir.

10. Kosning í stjórn RA ses. Þrír stjórnarmenn gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu: Lilja Hjartardóttir formaður, Bára Baldursdóttir og Gylfi Gunnlaugsson. Formaður var kjörin Oddný Eir Ævarsdóttir, ásamt Þór Martinssyni og Auðuni Arnórssyni sem eru nýliðar í stjórn. Áfram sitja þar Ingunn Ásdísardóttir, Unnur Óttarsdóttir, Ólöf Anna Jóhannsdóttir og Þorleifur Hauksson. Fyrir utan formann skiptir stjórnin með sér verkum.

11. Skoðunarmaður reikningar var kosin Salvör Aradóttir.

12. Samþykkt var að félagsgjöld skyldu vera óbreytt, þ.e. 3.500 krónur fyrir einstaklinga og 14.500 fyrir félög.

13. Undir liðnum Önnur mál tók Ólöf Anna Jóhannsdóttir til máls, þakkaði Lilju Hjartardóttur fráfarandi formanni einstaklega góð og árangursrík störf og færði henni blómvönd fyrir hönd stjórnar og akademóna. Hún færði einnig Báru og Gylfa einlægar þakkir. Lilja þakkaði stjórninni gott samstarf á krefjandi starfsári sem einkenndist af tíðum fundum og mikilli vinnu sem lögð hafi verið á starfsfólk. Hún óskaði nýrri stjórn allra heilla. Oddný þakkaði fundarmönnum traustið. Fundinn sóttu 23 demónar (Fskj. 5). Fundarstjóri sleit fundi kl. 16.15.